



From vision to action  
"Góðir hlutir gerast"

Janúar 2010 4. tlb

Kæru formenn

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir hið gamla! Megi árið 2010 færa ykkur gleði og gæfu í lífi og starfi. Ég vona að þið hafið haft það gott yfir hátíðarnar. Nú er einungis hálftr ár eftir af ykkar tíma sem formenn og þarf að huga að ýmsu nú á vordögum.

Vorþingið er 17. apríl. Við setjum okkur það markmið að minnsta kosti fimm konur komi á þingið frá hverri deild. Dagskrárdrög verða vonandi ljós nú í lok janúar. Ég geri ráð fyrir að þið komið allar og getið tekið þátt í óformlegum fundi með fyrrverandi forsetum landssambandsins 16. apríl.

### Upplýsingar

Evrópuvefurinn er að líta dagsins ljós. Eygló hefur umsjón með vefnum, en hann er hystur af sama fyrirtæki og okkar vefur.


Gönguhópur DKG



Munið eftir gönguhópnum fyrsta þriðjudag í mánuði kl 17:30 – 18:30.



Þriðjudaginn 5. janúar mættu fjórar galvaskar Gammasystur og nutu einstaklega fagurs kvöldveðurs. Ótrúleg birta og tilkomumikil. Margrét Jónsdóttir fyrirliði okkar er einstaklega klók að finna góðar leiðir fyrir okkur að ganga því hún gjörþekkir Öskjuhlíðina.




Nú fer að birta og hver veit nema við sjáum sólarlagið enn betur í næstu göngu 2. febrúar. Munið að gengið er frá Perlunni.

### Til framkvæmda

Ég minni á skýrslurnar sem þið eigið að fylla út fyrir 1. febrúar, en við munum setja frekari leiðbeiningar um þær á vefinn nú eftir fyrstu vikuna í janúar.

Einnig þurfið þið að setja uppstillingar nefndirnar af stað sem fyrst ef þið eruð ekki búnar að því. Þær þurfa að vera búnar að skila af sér vel fyrir aðalfundina í vor. Sjá bls. 6 í handbókinni á vefnum.

Kannið hvort konur hafa áhuga á að taka þátt í alþjóðlegu starfi og hvetjið konur til að kynna sér styrki á netinu. T.d er International Scholarship fyrir félagskonur sem hyggja á framhaldsnám. Doktorsnemar ganga að öllu jöfnu fyrir um þennan styrk.



#### Gönguhópurinn

5. janúar, kl. 17:30  
2. febrúar, kl. 17:30

#### Eindagar

- 2. janúar Skila inn umsókn um Educational Foundation
- 15. janúar Skiladagur gjaldkera Landssambands
- 1. febrúar Skila skyrslum alþjóðasambandsins til forseta
- 1. febrúar International Scholarship Applications

Með systrakeðju,

*Ingibjörg Jónasdóttir*  
landssambandsforseti DKG

